

Reykjavík, 15. mars 2021

Umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna um frumvarp til laga um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál

Í Reykjavíkurráðinu var frumvarp um lækun kosningaaldurs tekið til umræðu á fundi ráðsins þann 8. mars og voru skiptar skoðanir um hvort lækka eigi kosningaaldurinn frá og með 2022 og taldir fylgja því bæði kostir og gallar.

Gallar við að lækka kosningaaldur frá og með 2022:

- Ekki eru allir 16 ára tilbúnir að kjósa, sem getur auðvitað átt við um fólk á öllum aldri, og ekki hægt að gera ráð fyrir að allir myndu taka sjálfstæða og upplýsta ákvörðun um hvað þeir myndu kjósa. Margir myndi kannski sleppa því að kjósa eða kjósa t.d. eins og foreldrar sínir.
- Ef lækun kosningaaldurs tekur gildi 2022 eins og yfirhugað er samkvæmt frumvarpinu er ólíklegt að það næðist að undirbúa og fræða ungmenni nægilega vel en í greinargerð með tillögunni er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins yrði fylgt eftir markvissum og vel fjármögnum aðgerðum til þess meðal annars að auka fræðslu á sviði lýðræðis og samfélagslegrar virkni á öllum skólastigum.

Kostir við að lækka kosningaaldur frá og með 2022:

- Mikið af ungu fólki hefur áhuga á stjórnámálum og virkri þátttöku í samfélaginu og vill gjarnan hafa áhrif með þátttöku í kosningum.
- Ungt fólk greiðir skatta frá 16 ára aldri og á því að geta haft lýðræðisleg áhrif með þátttöku í kosningum.
- Ef lækka á kosningaaldur er jákvætt að fara á í það verkefni að auka fræðslu um kosningar, lýðræði og mikilvægi samfélagslegrar virkni og styðja þannig við ungt fólk sem er að fara að kjósa í fyrsta skipti.

Lagt er til:

Reykjavíkurráð ungmenna leggur til að gildistöku laganna verði frestað og þannig sé hægt að gefa lengri tíma til að vinna að undirbúningi þess að kosningaaldur verði lækkaður. Þessi tími fram að gildistöku laganna væri notaður til þess að upplýsa, fræða og leita leiða til að styðja betur við samfélagslega virkni ungs fólks og undirbúa það undir að taka þátt í kosningum. Í því samhengi er mikilvægt að huga að því hvernig hægt er að meta samfélagslega virkni og þátttöku eins og t.d. í starfi ungliðasamtaka, ungmennaráðum, félagasamtökum og þá til jafns við þátttöku í íþróttum en hingað til hefur framhaldsskólum verið heimilt að sýna sveigjanleika gagnvart mætingu þegar ungmenni er að sinna íþróttatengdum verkefnum fyrir Íslands hönd. Gott er að hafa í huga að hægt er að skapa ungu fólki tækifæri til að hafa áhrif á fjölbreyttan hátt og að lækun kosningaaldurs er einungis ein af mörgum leiðum sem hægt er að fara til þess.

*Með kveðju,
Reykjavíkurráð ungmenna*